

## Tækifærið þitt!

Sjá nánar á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

- Hugbúnaðarprófanir
- .NET og C# forritun
- Vefforritun
- Viðskiptagreind (BI)
- Linux sérfræðingar
- Hugbúnaðarsérfræðingar

intellecta

Síðumúla 5  
108 Reykjavík  
Sími 511 1225  
[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

## Herrafataverslun Birgis óskar eftir starfsmanni við sölu og þjónustu í verslun.

Reynsla æskileg. Ekki yngri en 23 ára.  
Upplýsingar á staðnum

**Herrafataverslun Birgis**  
Fákafen 11, Sími 553 1170

## Kór Breiðholtskirkju auglýsir eftir góðu söngfóki.

Æfingar fara fram á miðvikudagskvöldum frá kl. 19:30 til 21:30. Áhugasamir hafi samband við organista og kórstjóra Breiðholtskirkju, Örn Magnússon, í síma 862 3119 eða með tölvupósti á [omag@ismennt.is](mailto:omag@ismennt.is). Spennandi verkefni framundan.

**BREIÐHOLTSKIRKJA**  
Þangbakka 5,  
109 Reykjavík

## ERTU HRESS OG ELSKARU GÓÐAN MAT?

Við óskum eftir:

DUGLEGUM STARFSMANNI Í DAGVINNU  
Starfssvið: þjónusta, vinnutími: ca 11-17  
DUGLEGUM STARFSMANNI Í VAKTAVINNU  
Starfssvið: grill og aðstoð í eldhúsi  
Saffran is looking for a  
HARD-WORKING ASSISTANT IN KITCHEN

**SAFFRAN**  
GLÆSTIÐ / DALVEGI 4 KÖP

Áhugasamir sendi inn umsókn á [adam@saffran.is](mailto:adam@saffran.is)

# Störf í boði hjá Borgun

Borgun er framsækið fjármálafyrirtæki sem sérhæfir sig í öruggri greiðslu-miðlun. Við leitum að kraftmiklum og drifandi einstaklingum til starfa.

### Umsjónarmaður fasteigna

Við leitum að skipulögðum og verkefnadrifnum einstaklingi í starf umsjónarmanns fasteigna. Starfið felur í sér umsjón og viðhald eigna ásamt verkstjórn smærri verkefna.

#### Helstu verkefni:

- Umsjón og viðhald fasteigna
- Umsjón og viðhald bifreiða
- Lagerstjórn og innkaup
- Samskipti við birgja og verktaka
- Verkstjórn smærri verkefna
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af því að leiða teymi í verkefnavinnu
- Mikil skipulagshæfni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta

### Aðstoðarmaður í eldhúsi

Leitað er að jákvæðum og þjónustulunduðum aðstoðarmanni í mötuneyti Borgunar. Í mötuneytinu er boðið upp á bæði heitar máltíðir og kalt borð. Áhersla er lögð á hollustu, fjölbreytni og léttan mat. Vinnutími er milli 9:00 og 15:00.

#### Helstu verkefni:

- Aðstoðar matráð við eldamennsku
- Frágangur og þrif í eldhúsi
- Umsjón með salatbar
- Umsjón með aðstöðu fyrir ávexti og kaffiveitingar
- Fundarþjónusta
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum í mötuneyti
- Skipulagshæfni og hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar um störfin veitir

Anna Rut Práinsdóttir starfsmannastjóri ([art@borgun.is](mailto:art@borgun.is)) í síma 560 1579.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu okkar [www.borgun.is](http://www.borgun.is). Umsóknarfrestur er til og með **8. september** næstkomandi.

Starfseminni má skipta í þrjú megin svið, Fyrirtækjasvið sem býður innlendum fyrirtækjum heildarþjónustu í færsluhirðingu, Alþjóðasvið sem býður erlendum fyrirtækjum færsluhirðingarþjónustu og Útgáfusvið sem annast þjónustu og ráðgjöf við kortaútgefendur vegna útgáfu greiðslukorta.



Capacent Ráðningar

## STÖÐVARGÆSLA BLÖNDUSTÖÐ



Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann til stöðvargæslu í Blöndustöð. Blöndustöð heyrir undir aflstöðvadeild á orkusviði Landsvirkjunar. Um er að ræða tímabundna afleysingu í 12 mánuði með mögulegri framlengingu.

### Starfssvið:

Starfið er fólgið í eftirliti og viðhaldi aflstöðvarinnar og veitumannvirkja hennar, ásamt verkefnabundinni vinnu við framþróun og viðhald vottana í gæða-, öryggis- og umhverfismálum.

### Æskileg starfsreynsla:

- Reynsla af störfum við aflstöðvar og raforkuvirki
- Uppsetning og forritun iðntölva og skjámyndakerfa
- Rekstur og viðhald loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af verkefnum á sviði gæða- og öryggisstjórnunar

### Hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bættar arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## STÖÐVARGÆSLA MÝVATNSSVÆÐI



Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann til stöðvargæslu við aflstöðvar á Mývatnssvæði. Aflstöðvar Landsvirkjunar við Kröflu, Bjarnarflag og Laxá eru á Mývatnssvæði og heyrir undir aflstöðvadeild á orkusviði Landsvirkjunar. Um er að ræða tímabundna ráðningu til ársloka 2013 með mögulegri framlengingu.

### Starfssvið:

Starfið er fólgið í eftirliti og viðhaldi aflstöðva og veitumannvirkja á svæðinu ásamt verkefnabundinni vinnu við framþróun og viðhald vottana í gæða-, öryggis- og umhverfismálum.

### Æskileg starfsreynsla:

- Reynsla af störfum við aflstöðvar og raforkuvirki
- Góð reynsla af vélaupptektum og verkstæðisvinnu
- Rekstur og viðhald loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af verkefnastjórnun og eftirliti við mannvirkjagerð
- Reynsla af verkefnum á sviði viðhalds-, gæða- og öryggisstjórnunar

### Hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bættar arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## TEKUR ÞÚ ÁSKORUN... ... OG VILT ÞÚ SPILA MEÐ ÞEIM BESTU?



### Hefur þú áhuga á að starfa með öflugustu fyrirtækjunum, ná árangri og læra af fjölbreyttum verkefnum?

Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki frá Fjármálaeftirlitinu. Við viljum bæta kröftugum og metnaðarfullum einstaklingum í hópinn og óskum eftir að ráða sérfræðing til starfa.

### SÉRFRÆÐINGUR Í FYRIRTÆKJARÁDGGJÖF

#### Starfssvið:

- Hagkvæmniathuganir í tengslum við stærri fjárfestingar
- Ráðgjöf í tengslum við kaup og fjármögnun
- Verðmöt á fyrirtækjum og félögum
- Verkefni á sviði fjárhagslegar endurskipulagningar

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði
- Framhaldsmenntun kostur
- Starfsreynsla úr banka eða fjármálafyrirtæki mjög æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Mikil hæfni í mannlegum samskiptum, metnaður, frumkvæði og drifkraftur eru lykileiginleikar viðkomandi sérfræðings.

Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf. er framsækið fjármálafyrirtæki, sem veitir óháða ráðgjöf tengda kaupum og sölu á fyrirtækjum, fjármögnun og fjárhagslegri endurskipulagningu. Ráðgjafar Centra þekkja vel til íslenskra fyrirtækja, starfsemi þeirra og umhverfis og leggja metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu byggða á trausti og trúnaði við viðskiptavininn. Ráðgjafar hafa áralanga og víðtæka reynslu, byggða á árangursríkum innlendum og alþjóðlegum verkefnum. Öflugt tengslanet gerir okkur kleift að vinna með fjárfestum og fyrirtækjum í atvinnulífnum hérlandis sem erlendis.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## NÝR FJÁRFESTINGABANKI



Straumur mun taka formlega til starfa sem fjárfestingabanki á næstu dögum. Markmið Straums er að vera leiðandi fjárfestingabanki á Íslandi. Bankinn mun leggja áherslu á fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskipti. Straumur er að öllu leyti í eigu ALMC hf. sem er nær alfarið í eigu erlendra fjárfesta. Eiginfjárstaða Straums er sterk og skuldir engar. Starfsmenn Straums eru um 25 talsins og hafa þeir allir víðtæka reynslu af fjárfestingabankastarfsemi. Straumur leitar nú að forstöðumönnum og sérfræðingum í markaðsviðskiptum og fyrirtækjaráðgjöf til að styrkja þann hóp. Viðkomandi aðilar þurfa að hafa reynslu af störfum á fjármálamarkaði, vera metnaðarfullir og reiðubúnir að starfa í krefjandi umhverfi.

### STARFSMENN Í MARKAÐSVIÐSKIPTI

#### Starfssvið:

- Miðlun verðbréfa, gjaldeyris og afleiðna
- Samskipti við viðskiptavinum og þróun viðskiptatengsla
- Þátttaka í stefnumótun og uppbyggingu sviðsins

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af starfi á fjármálamarkaði
- Þekking á skuldabréfamarkaði og verðlagningu skuldabréfa
- Greiningarhæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Faglegur metnaður og öguð vinnubrögð
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfavíðskiptum

### STARFSMENN Í FYRIRTÆKJARÁDGGJÖF

#### Starfssvið:

- Ráðgjöf í tengslum við endurskipulagningu fyrirtækja
- Ráðgjöf við sameiningar, kaup og sölu fyrirtækja
- Samskipti við viðskiptavinum og þróun viðskiptatengsla
- Þátttaka í stefnumótun og uppbyggingu sviðsins

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af starfi á fjármálamarkaði
- Þekking á fjármálum og rekstrarumhverfi fyrirtækja
- Hæfileikar til þess að þróa og útfæra lausnir í flóknum og erfiðum fjármálaverkefnum
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Umsjón með störfunum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent



## LAGER- OG AFGREIÐSLUSTÖRF

### ENDURVINNSLAN LEITAR AÐ duglegu og skemtilegu fólki í lager- og afgreiðslustörf í móttökustöðinni Knarrarvogi.

Umsóknir skulu berast fyrir 6. sept. á [ha@evhf.is](mailto:ha@evhf.is)



## HEILSUVERND

því hver dagur er dýrmætur

### Hjúkrunarfræðingur

Heilsuvernd óskar eftir hjúkrunarfræðingi til starfa. Starfið felur m.a. í sér heilbrigðisráðgjöf til einstaklinga, heilsufarsskoðanir, fræðslu og þátttöku í öðrum verkefnum. Starfshlutfall 50%. Nánari upplýsingar og móttöku umsókna veitir Fríður Brandsdóttir, aðst.framkvstj.; [fridur@hv.is](mailto:fridur@hv.is).

Heilsuvernd • Álftveir 74 (Glæsibæ) • 104 Rvk • Sími 510 6500 • [www.hv.is](http://www.hv.is)

## Dvalarheimili Aldraðra Suðurnesjum D.S.

Hjúkrunarheimilið Garðvangur Garði / Hjúkrunarheimilið Hlévangur Reykjanesbæ

### Garðvangur Hjúkrunarfræðingar

Okkur bráðvantar áhugasama hjúkrunarfræðinga hið fyrsta, til starfa við öldrunarhjúkrun á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi Garði, um er að ræða 3 stöður, hvora um sig 70 -80 %. Almennt er unnið á tvískiptum vöktum, um framtíðarstörf er að ræða.

Fyrirspurnir og umsóknir ásamt ferilskrá og yfirliti um meðmælendur skulu berast til:

Aðalheiðar Valgeirsdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar D.S. Garðbraut 85 250 Garði, eða með tölvupósti á netfangið [heida@ds.is](mailto:heida@ds.is)

Einnig m.t.t. fyrirspurna er bent á staðgengil deildarstjóra Garðvangi, Helgu Hjálmarasdóttur í síma 422-7400

## Sölumenn

**Rekstrarvörur óska eftir að ráða 2 sölumenn til starfa. Í boði eru störf hjá rótgrónu og traustu fyrirtæki með mikla sóknarmöguleika.**

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér



**Sölumaður á rekstrar- og hreinlætisvörum fyrir matvælaíðnað og stórelldhús** 565887  
Starfið felur í sér heimsóknir og sölu til viðskiptavina í matvælaíðnaði og stórelldhúsi á fyrirtækja- og stofnanamarkaði auk sérhæfðrar þjónustu. Starfinu fylgja ferðalög. Leitað er að mjólkurfræðingi eða starfsmanni með hliðstæða menntun á sviði matvælaíðnaðar. Viðkomandi þarf auk góðrar menntunar að hafa áhuga og þekkingu á matvælaíðnaði, geta sýnt frumkvæði, vera með gott verklag og skipulagshæfni, með áhuga á mannlegum samskiptum og reynslu af sölu.

**Sölumaður á skrifstofuvörum og almennum rekstrar- og hreinlætisvörum fyrir fyrirtæki og stofnanir** 565888  
Starfið felur í sér heimsóknir, sölu og þjónustu til viðskiptavina á fyrirtækja- og stofnanamarkaði. Starfinu geta fylgt ferðalög innanlands. Leitað er að starfsmanni með reynslu af sölu og þjónustu á fyrirtækja- og stofnanamarkaði. Reynsla af sölu á skrifstofuvörum er kostur. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á sölu, með frumkvæði og metnað til að leita nýrra sóknartækifæra auk þess að viðhalda tengslum við núverandi viðskiptavini.

Viðkomandi starfsmenn þurfa að hefja störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Vinnutími er að jafnaði frá kl. 8:00-17:00. Einungis reyklausir einstaklingar með hreint sakavottorð, sem eru að leita sér að framtíðarstarfi koma til greina.

Nánari upplýsingar og skráning á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)



### Capacent Ráðningar

## UMSJÓNARMAÐUR UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDA



Í Sveitarfélaginu Árborg búa yfir 7.800 íbúar. Þar starfa rúmlega 550 manns á vegum sveitarfélagsins og er það sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Sveitarfélagið Árborg leitar að starfsmönnum sem hafa ríka þjónustulund og eru vandvirkir.

**Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða umsjónarmann umhverfis- og framkvæmda. Starfið heyrir undir tækni- og veitustjóra. Undirmenn eru um 10-15 talsins að jafnaði en fleiri á sumrin þegar vinnuskólinn er við störf. Hér er um nýtt starf að ræða.**

#### Ábyrgðar- og starfssvið:

- Ábyrgð á garðyrkju og umhverfisverkefnum, þ.m.t. framkvæmdir á opnum svæðum og umhirða þeirra
- Ábyrgð á verkefnastjórnun og verkeftirlit vegna nýframkvæmda og viðhaldsmála á sviði umhverfis og gatnakerfis
- Umsjón með rekstri áhaldahúss og vinnuskóla Árborgar
- Umsjón með sörpmálum
- Ábyrgð á að framkvæmd verkefna sé í samræmi við lög og reglur
- Samskipti við opinbera aðila, samstarfsaðila, hönnuði og verktaka
- Áætlanagerð og forgangsröðun verkefna
- Samningagerð í samráði við tækni- og veitustjóra

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla á sviði garðyrkju
- Háskólamenntun á sviði umhverfismála eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Reynsla af áætlanagerð, úrlausn verkefna og verkefnastýringu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Þekking á og reynsla af notkun Windows-Office

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Sigríður Pétursdóttir ([sigridur.petursdottir@capacent.is](mailto:sigridur.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

# Sérfræðingur í forvörnum

Sjóvá leitar að hugmyndaríkum og metnaðarfullum einstaklingi til að starfa með okkur að spennandi verkefnum á sviði forvarna. Í boði er framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa samhentum hópi starfsmanna.

## Starfssvið:

- Þarfagreining forvarna
- Uppsetning fræðsluefnis
- Kennsla og þjálfun
- Önnur tilfallandi verkefni

## Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og/eða mikil starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi á forvörnum og umferðaröryggi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Færni í miðlun upplýsinga og textagerð

Nánari upplýsingar veitir Ágústa Bjarnadóttir, mannaútsstjóri, sími 440 2323. Umsóknir skulu fyllast út á sjova.is, merkt „Sérfræðingur í forvörnum“ fyrir 9. september n.k.

Hlutverk Sjóvá er að tryggja verðmætin í lífi fólks með áherslu á forvarnir. Boðið er upp á gott starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk, ásamt tækifæri fyrir hvern og einn til að eflast og þróast í starfi.

**SJÓVÁ**

HYITA HUSID/SIA

ISLENSKA SJÓVÁ/ITS 56084 08/11



## FRAMKVÆMDASTJÓRI ITS – VP ICELANDAIR TECHNICAL SERVICES

Icelandair leitar að framúrskarandi liðsmanni til starfa sem framkvæmdastjóri tækniþjónustu Icelandair – Icelandair Technical Services, ITS á Keflavíkflugvelli. Tækniþjónustan annast tæknistjórn og viðhald flugvéla hérlendis og erlendis, veitir hágæðaþjónustu í viðhaldsstöð á Keflavíkflugvelli og uppfyllir öll skilyrði Flugmálastjórnar Íslands auk fjölda erlendra flugmálayfirvalda. Mikill vöxtur hefur verið í starfsemi hér á landi og erlendis á undanföllum árum. Um 300 starfsmenn starfa hjá tækniþjónustunni.

### STARFSSVIÐ:

- | Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri ITS
- | Fagleg ábyrgð á tæknirekstri Icelandair
- | Ábyrgð á veittri þjónustu innan Icelandair og til annarra flugfélaga
- | Stefnumótun ásamt öðrum stjórnendum Icelandair

### HÆFNISKRÖFUR:

- | Háskólapróf í verkfræði eða sambærileg menntun
- | Öflug fjármálaþekking
- | Mikil reynsla af rekstri og stjórnun
- | Reynsla af tæknirekstri flugrekenda og/eða rekstri viðhaldsstöðvar fyrir flugvélar er mikilvæg
- | Góð þekking á reglugerðum sem snúa að tæknistjórn og viðhaldi flugvéla
- | Reynsla af stefnumótun og gæðastjórnun
- | Mjög góð tungumálakunnátta

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í mjög öflugt og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi. Liðsmanni með framúrskarandi samskiptahæfileika sem vill vinna sem hluti af liðsheimi í sibreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Lögð er áhersla á vönduð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Fyrirspurnum svara:

Svali H. Björgvinsson | sími 5050 300 | svali@icelandair.is  
Kristín Björnsdóttir | sími 5050 155 | stina@icelandair.is

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en 4. september 2011.

## Vantar vana járníðnaðarmenn í smiðju á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar í síma 891-8380 og 893-5990

## Hótel Rangá auglýsir eftir matreiðslumönnum og nemum sem geta hafið störf 1 sept.

Gisting í boði og góð laun.  
Áhugasamir hafið samband við Harald í eldhus@hotelranga.com



## Verslunarstjóri óskast í öfluga liðsheild

Vegna stórauðinnu umsvifa óskar Jötunn Vélar eftir að ráða verslunarstjóra til starfa í rekstrarvöru- og varahlutaverslun fyrirtækisins sem fyrst. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi með mikla þjónustulund sem er tilbúin að leggja sig fram við áframhaldandi uppbyggingu verslunarinnar. Um framtíðarstarf er að ræða.

### Starfssvið:

Ábyrgð á daglegum rekstri verslunar og þátttaka í stefnumótun fyrirtækisins. Sala og þjónusta við viðskiptavinum. Umsjón með innkaupum og samningar við birgja.

### Hæfniskröfur:

Menntun sem nýtist í starfi.  
Reynsla af verslunarstörfum og stjórnun æskileg.  
Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi.  
Góð framkoma og rík þjónustulund.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Þór Guðjónsson í síma 4 800 400. Umsóknir sendist á guðmundur@jotunn.is. Frestur til að skila inn umsóknum er til 5. september nk.

Jötunn Vélar er kraftmikið og ört vaxandi fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu við landbúnað. Fyrirtækið er stærsti innflytjandi dráttarvéla og heyrinnutækja á landinu. Jötunn Vélar er staðsett á Selfossi og þjónustar þaðan allt landið í samvinnu við þjónustuverkstæði um allt land. Starfsmenn fyrirtækisins eru 20.



Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0400 - jotunn@jotunn.is - www.jotunn.is

## Forritari

### Háskóli Íslands óskar eftir að ráða forritara

Um er að ræða starf forritara fyrir innri vef Háskóla Íslands sem gengur undir nafninu „UGLA“.

- Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín.
- Nýr starfsmaður verður hluti af öflugum hugbúnaðarteymi sem þróar fjölbreyttar og sérhæfðar hugbúnaðarlausnir fyrir háskólasamfélagið.
- Reiknistofnun býður góða vinnuáðstöðu við Sturlugötu, gott mótuneyti og gefandi starfsumhverfi.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi með reynslu af forritun í PHP eða sambærilegu máli. Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun er kostur. Mögulegt er að nýr starfsmaður geti sinnt starfinu utan Reykjavíkursvæðisins.

Umsóknarfrestur er til 12. september nk.

Nánari upplýsingar veitir **Ragnar Stefán Ragnarsson**, deildarstjóri hugbúnaðarpróunar hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands, sími 525 4221, netfang ragnarst@hi.is. Sjá nánar á [www.starfatorg.is/](http://www.starfatorg.is/) og [www.hi.is/skolinn/lausstofn](http://www.hi.is/skolinn/lausstofn)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
1911-2011

## Kaffitár leitar að öflugum liðsmönnum í gott starfslið

Við leitum að kröftugu og skemmtilegu fólki til starfa á kaffihúsi Kaffitárs í Reykjavík.

### Störfin:

Kaffibarþjónar í fullt starf og helgarstörf.

### Starfssvið:

Sala á úrvalskaffi, kaffivörum og meðlæti.

### Hæfniskröfur:

Við leitum að áhugasömum og þjónustljúfum einstaklingum. Starfsmenn munu fá ómetanlega starfsþjálfun og kennslu í fagi kaffibarþjónsins.

Umsóknum má skila með tölvupósti á [lilja@kaffitar.is](mailto:lilja@kaffitar.is) eða á kaffihúsi Kaffitárs. Frekari upplýsingar veitir Lilja Pétursdóttir í síma 696-8805.

[www.kaffitar.is](http://www.kaffitar.is)



-leggur heiminn að vörum þér

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

Skeljungur leitar að öflugum og jákvæðum einstaklingi til að stýra neytendasviði félagsins.

Neytendasvið er eitt af meginafkomusviðum Skeljungs. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á rekstri bensinstöðva, þvottastöðva og smurstöðva. Á neytendasviði eru nær 200 starfsmenn um allt land.

### Helstu verkefni:

- Fjárhagsleg og rekstrarleg ábyrgð á öllum bensín-, þvotta- og smurstöðvum félagsins.
- Mótun á stefnu og sýn sviðsins.
- Greining á þörfum markaðar.
- Ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins.

### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf.
- Stjórnunarreynsla nauðsynleg.
- Frumkvæði, forystuhæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, reynslu og fyrri störf sendist til Mannauðssviðs Skeljungs hf. Hólmaslóð 8, 105 Reykjavík, eða til [starf@skeljungur.is](mailto:starf@skeljungur.is) merkt **Framkvæmdastjóri** fyrir **4. september** nk.

Hjá Skeljungu starfa um 300 manns á Shell, Stöðinni og Orkunni, við eldsneytisdreifingu í Örfirisey, á Reykjavíkurlugvelli, víða á landsbyggðinni og í aðalstöðvum félagsins að Hólmaslóð 8. Skeljungur leggur áherslu á góða þjónustu við viðskiptavinum og að starfsmenn séu meðvitaðir um gildi félagsins. Boðið er upp á hvetjandi starfsumhverfi með góðum starfsanda og öflugri liðsheild.



**Skeljungur**



**Evrópa unga fólksins leitar eftir kraftmiklum einstakling til að sinna fjölbreyttu og áhugaverðu starfi verkefnastjóra.**

Starfið felur í sér umsjón með hluta Ungmennaráætlunar ESB, Evrópu unga fólksins. Viðkomandi þarf að geta unnið fjölbreytt skrifstofustörf ásamt því að eiga auðvelt með samskipti, sérstaklega við ungt fólk.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af starfi í æskulýðsmálum æskileg
- Mjög góð enskukunnátta nauðsynleg - önnur tungumál kostur
- Góð þekking á helstu tölvuforritum nauðsynleg

Umsóknum ásamt ferilsskrá þarf að skila á netfangið: [anna@euf.is](mailto:anna@euf.is) eða á skrifstofu Evrópu unga fólksins, Sigtúni 42.

Umsóknarfrestur er til 7. september 2011.



# CCP IS HIRING

- » Graphics Programmer - General Application
- » Engineering Manager - Core
- » Server Programmer - Core
- » Technical Director - Core Cluster
- » Quality Assurance Tester - General Application
- » Quality Assurance Tester - Japanese Localization
- » Game Master (Japanese/English)
- » Agile Guru/Principal Scrum Master

- » Graphic Designer
- » Quality Assurance Technical Director
- » UI Programmer-EVE Online
- » Senior Security Administrator
- » Database Administrator
- » Character Concept Artist
- » Web QA Engineer

CCP is comprised of intrepid pioneers willing to push their talents to the limits to create award winning virtual worlds and online games. It is a team that possesses the drive and ability to break through the boundaries of conventional wisdom and hold fast in frontiers that others fear to tread. As a result, we have built a team comprised of 20 nationalities, speaking 30 languages and from every walk of life all sharing the same trait, the capacity to successfully accomplish what many have told them was "impossible" to do.

All positions demand good organizational capabilities, excellent people skills, proficiency in reading and writing English, and the ability to thrive in a dynamic environment.

Apply today at [www.ccpgames.com/jobs](http://www.ccpgames.com/jobs)



# jsó

Járnsmiðja Óðins ehf.



## Fyrirtækið Járnsmiðja Óðins ehf.

**Leitar að** járnsmiðum, okkur vantar faglærða iðnaðarmenn í vél-virkjun, rennismiði eða sambærilegu og ófaglærða aðstoðarmenn.

**Starfið** felst í fjölbreyttri nýsmíði og uppsetningum. Sjá heimasíðu fyrirtækisins [www.jsó.is](http://www.jsó.is). Góð verkefnaástaða framundan.

**Áhersla** er lögð á frumkvæði, áreiðanleika, léttu lund og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni.

**Starfsaðstaða** er góð, leggjum áherslu á hreinan og snyrtilegan vinnustað.

Gengið verður frá ráðningu fljótlega.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsókn sendist á [jsó@jsó.is](mailto:jsó@jsó.is)



[www.skra.is](http://www.skra.is)  
[www.island.is](http://www.island.is)

## Störf hjá Þjóðskrár Íslands

Hlutverk Þjóðskrár Íslands, 90 manna vinnustaðar, er að halda fasteignaskrá og þjóðskrá, ákveða brunabótamat og fasteignamat og annast rannsóknir á fasteignamenn og sveitarfélög og gefur út vegabréf. Þjóðskrár Íslands leggur áherslu á rafræna stjórnsýslu og rekur meðal annars upplýsinga- og þjónustuveituna Ísland.is. Gildi Þjóðskrár Íslands eru virðing, sköpunargleði og áreiðanleiki. Starfsemin er vottuð samkvæmt öryggisstaðlinum ISO27001:2005.

Þjóðskrár Íslands óskar eftir að ráða í neðangreind störf. Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2011. Umsóknir gilda í sex mánuði frá birtingu auglýsingar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

### Mannauðsstjóri

#### Helstu verkefni eru:

- Mótun og eftirfylgni mannaúðsstefnu og samþætting við gæðastefnu
- Umsjón með greiningu starfa, starfslýsingum og ráðningum
- Aðstoða stjórnendur við framkvæmd og þróun mannaúðsmála
- Gerð mannaúðsáætlana og umsjón með fræðslu og þjálfun starfsmanna
- Framkvæmd kjarasamninga, réttindamála og aðbúnaðar
- Gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana varðandi mannaúðskostnað

#### Hæfniskröfur:

- Nám á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla á sviði mannaúðsstjórnunar
- Reynsla af að starfa í umhverfi gæðastjórnunar
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi

Starfið heyrir undir forstjóra í skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson, [thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is).

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) eða sendar á netfangið [thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is).

### Sérfræðingur í landupplýsingum

#### Helstu verkefni eru:

- Þjónusta við skráningaraðila og viðskiptavinum
- Gagnavinnsla og skráning í landeigna- og staðfangaskrá
- Sérvinnsla landupplýsinga
- Kortagerð og önnur úrvinnsla gagna
- Koma að þróun nýs skráningarviðmóts landeignaskrár

#### Hæfniskröfur:

- Nám á háskólastigi, t.d. landfræði, verk- eða tæknifræði og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Tölvukunnátta, reynsla af ArcGis, Oracle og PL/SQL er kostur
- Góð íslenskukunnátta, enska og eitt Norðurlanddatungumál

- Færni til þess að koma frá sér efni í rituðu máli
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi

Starfið heyrir undir deildarstjóra landupplýsingadeildar á skrifstofu stofnunarinnar á Akureyri. Nánari upplýsingar veitir Tryggvi Már Ingvarsson, [tmi@skra.is](mailto:tmi@skra.is).

Umsóknir óskast sendar til **Þjóðskrár Íslands, Hafnarstræti 95, Akureyri** eða á netfangið [tmi@skra.is](mailto:tmi@skra.is).

### Verkefnastjóri

Vinna að þróun upplýsinga- og þjónustuveitunnar Ísland.is.

#### Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun í þróunarverkefnum
- Hugbúnaðargerð
- Samskipti við þjónustuaðila, gagnaveitendur, undirverktaka og notendur
- Almennur tæknilegur rekstur þjónustuveitunnar
- Eftirlit með aðkeyptri vinnu

#### Hæfniskröfur:

- Nám á háskólastigi, t.d. í tölvunarfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af þróun og rekstri vefgátta
- Þekking og reynsla af vefforritun og gagnagrunnsforritun er kostur
- Frumkvæði, metnaður og nákvæm vinnubrögð
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Starfið heyrir undir forstöðumann rafrænnar stjórnsýslu á skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir **Halla Björg Baldursdóttir**, [hbb@skra.is](mailto:hbb@skra.is).

Umsóknir óskast sendar til **Þjóðskrár Íslands, Borgartúni 21, Reykjavík** eða á netfangið [hbb@skra.is](mailto:hbb@skra.is).

## Afgreiðslustarf

### Virka óskar eftir starfsmanni í hlutastarf í fataefna- og bútaumsdeild.

Leitum eftir jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi á aldrinum 18 ára og upp úr!

Upplýsingar í síma 825 0022, eða sendið umsókn á [dagbjort@virka.is](mailto:dagbjort@virka.is)

**VIRKA**

Mörkinni 3, 108 RVK.

## MÁLUN ÞVERHOLT 11



Ans óskar eftir ráða málameistara og málara til starfa í tímabundið verkefni:

- Þverholt 11 innan- og utanhúsmálning

Einnig kemur til greina að semja um hluta verksins við undirverktaka

Upplýsingar gefur Jón Pálsson í síma **664 2802** eða á [jon@ans.is](mailto:jon@ans.is)



Ans ehf.  
Þverholt 11  
105 Reykjavík  
Sími: 564 1920  
[ans@ans.is](mailto:ans@ans.is)  
[www.ans.is](http://www.ans.is)



### Laus störf

Grunnskóli Seltjarnarness auglýsir fyrir skólaárið 2011-2012

#### Stuðningsfulltrúi 100% staða

Upplýsingar veitir: Ólína Thoroddsen, [olina@grunnskoli.is](mailto:olina@grunnskoli.is)  
Sími: 595 9200

#### Stuðningsfulltrúi í Skólaskjól Grunnskóla Seltjarnarness, 50% staða

Upplýsingar veitir: Rut Hellenardóttir, [rutbj@grunnskoli.is](mailto:rutbj@grunnskoli.is)  
Sími: 822 9123

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um auglýst störf.

Á Seltjarnarnesi eru um 550 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Í Skólaskjóli eru um 100 nemendur. [www.grunnskoli.is](http://www.grunnskoli.is)

Fræðsluvið Seltjarnarnesbæjar  
[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

## Forritari / Kerfis-tölvunarfræðingur óskast

Við hjá Programmi leitum að starfsmanni í fullt starf. Ef þú ert áhugasamur og ábyrgur forritari og þyrstir í fjölbreytt (-ari?) verkefni þá áttu erindi við okkur. Við erum ört vaxandi fyrirtæki, fjárhagslega sterkt og bjóðum fína vinnuástöðu á besta stað í Reykjavík.

#### Við lifum og hrærumst í:

- .net forritun, vefþjónustum (xml/soap);
- nýsmíði, viðhaldi og þróun hugbúnaðarkerfa (windows / Delphi );
- þróun og viðhaldi í XML/XSL-samskiptum (plsql / html )
- þróun og viðhaldi vöruhúsa í Oracle

Æskilegt er að þú hafir klárað ( eða sért komin langleiðina ) tölvunar- og eða kerfisfræðina frá Háskólanum í Reykjavík, Háskóla Íslands eða frá sambærilegum skólum.

Reynsla úr hugbúnaðargeiranum er kostur og reynsla af windows forritun og góð þekking á SQL er stór plús. Meðmæli eru æskileg. Vinsamlegast greindu stuttlega frá þeim verkefnum á hugbúnaðarsviði sem þú hefur unnið að áður og á hvaða hátt þú komst að þeim.

Ef þú hefur áhuga, sendu þá endilega umsókn til okkar á: [vinna@programm.is](mailto:vinna@programm.is)



## Tandrberg ehf óskar að ráða öryggis-og starfsmannastjóra.

Tandrberg ehf er öflugt verktaka og skipaðjónustufyrirtæki í Fjarðabyggð. Starfsmenn eru um 50 talsins.

### Hæfniskröfur:

- Þekking á erfiðisvinnu
- Leiðtogaþæfileika
- Tölvukunnátta. Excel
- Sjálfstæði
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Frumkvæði-jákvæðni og öguð vinnubrögð

Umsóknnum skal skila á netfangið tandrberg@tandrberg.is ásamt starfsferilskrá og skrá um meðmælendur. Umsóknarfrestur er til 6. september 2011.



## ERT ÞÚ GULL AF STARFSMANNI?

Aurum leitar að starfsmanni í verslun.

### STARFSSVIÐ

- Afgreiðsla í verslun
- Önnur tilfallandi verkefni
- Samskipti við birgja

### HÆFNISKRÖFUR

- Menntun innan hönnunar æskileg
- Reynsla af sölu og/eða afgreiðslustörfum æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Þjónustulund og stundvísi
- Jákvaðni
- Enskukunnátta, önnur tungumál mikill kostur

Umsækjandi þarf að vera eldri en 25 ára. Um er að ræða fullt starf.

Áhugasamir sendi inn umsókn með mynd á netfangið: aurum@aurum.is. Umsóknarfrestur er til 4. september 2011.

**aurum**

Bankastræti 4 | Sími 551 2770 | www.aurum.is

# TÆKNIMAÐUR ÓSKAST

## TÖLVUVERKSTÆÐIÐ ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA ÖFLUGAN TÆKNIMANN

### Umsækjendur þurfa að:

- Hafa brennandi áhuga á tölvum og tækni
- Vinna vel bæði í hóp og sjálfstætt
- Tala bæði og skrifa íslensku reiprennandi

Í starfinu felst að bilanagreina og gera við tölvur og allan tengdan búnað. Samskipti við viðskiptavini og starfsmenn innan fyrirtækisins.

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd sendist á tölvupósti: starf@tvs.is

# TÖLVUVERKSTÆÐIÐ

SUÐURLANDSBRAUT 26 • 2. HÆÐ • SÍMI 414 1720

Tölvuverkstæðið sinnir ábyrgðarviðgerðum fyrir marga af þekktustu framleiðendum heims eins og Acer, Asus, MSI og Toshiba.

## Störf í boði

Reykjavík Excursions – Kynnisferðir óska eftir að ráða tvo glaðlega, þjónustulundaða og reyklausa starfsmenn til afgreiðslustarfa á Umferðarmiðstöðinni BSÍ. Unnið er á vöktum (2–2–3).

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Reykjavík Excursions – Kynnisferðir er rötgróið og framsækið fyrirtæki í íslenski ferðaþjónustu. Fyrirtækið var stofnað árið 1968 og hefur allar götur síðan verið í fararbroddi þeirra sem skipuleggja ferðir fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn. Hjá Reykjavík Excursions starfar samhentur hópur fólks sem leggur metnað sinn í að nýta þekkingu og reynslu sína í þágu viðskiptavina.

### Afgreiðslufólk á BSÍ

#### Starfslýsing

##### Helstu verkefni:

- Svára fyrirspurnum viðskiptavina og veita upplýsingar.
- Samskipti við erlenda og innlenda viðskiptavini.
- Símsvörun.
- Ýmis önnur tilfallandi störf.

#### Hæfniskröfur

Eiginleikar sem umsækjendur þurfa að búa yfir og hafa tileinkað sér eru m.a.:

- Reynsla af störfum í ferðaþjónustu/ferðaskrifstofu er æskileg.
- Jákvætt lífsviðhorf og vilji til góðra verka.
- Stundvísi.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Rík þjónustulund.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku er skilyrði, gott er að kunna önnur tungumál.

Upplýsingar um Reykjavík Excursions er hægt að finna á [www.re.is](http://www.re.is) Umsóknir sendist fyrir kl. 17.00 föstudaginn 2. september 2011 á netfangið [job@re.is](mailto:job@re.is) Haft verður samband við alla sem sækja um, eftir að umsóknarfrestur rennur út.



Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) er heildarsamtök fatlaðra og eru aðildarfélag þess 33 talsins. Hlutverk bandalagsins er m.a. að koma fram fyrir hönd fatlaðra gagnvart opinberum aðilum í hverskyns hagsmunamálum er snerta réttindi þeirra. Einnig veitir bandalagið upplýsingar og ráðgjöf fyrir fatlaða og aðstandendur. Þá tekur ÖBÍ þátt í erlendu samstarfi við féлага- og heildarsamtök fatlaðra. Nánari upplýsingar um starfseminu eru á heimasíðu [www.obi.is](http://www.obi.is).

## Lögfræðingur

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir lögfræðingi á skrifstofu bandalagsins í 50% starf. Ráðið verður í starfið til reynslu í sex mánuði með möguleika á framlengingu.

### Starfið felst einkum í eftirfarandi þáttum:

- Ráðgjöf til öryrkja og aðstandenda um réttindi fatlaðra/öryrkja.
- Samskipti við stofnanir er varða hagsmunamál öryrkja.
- Eftirlit með réttindum og hagsmunamálum öryrkja.
- Túlkun laga og reglugerða.
- Álitsgerðir og umsagnir um lagafrumvörp í samstarfi við stjórn og starfsfólk ÖBÍ.
- Upplýsingagjöf og greinaskrif.
- Önnur verkefni sem snerta málaflökinn.

### Hæfniskröfur:

- Krafist er meistaragráðu í lögfræði.
- Haldgóð reynsla og þekking á málefnum fatlaðra og réttindum öryrkja er æskileg.
- Þekking á stjórnarsýslurétti, almannatryggingum, lífeyrissjóðs-réttindum og alþjóðlegum mannréttindasamningum er kostur.
- Góð íslenskukunnátta er áskilin. Færni í ensku og einu Norðurlandamáli er æskileg.
- Umsækjandi þarf að búa yfir skipulagshæfileikum, vönduðum vinnubrögðum, geta tekið frumkvæði og unnið sjálfstætt. Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynleg.

### Upplýsingar veitir:

Pórir Þorvarðarson  
[thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 12. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) ásamt upplýsingum er greina frá menntun og starfsreynslu.



**HAGVANGUR**

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## Við leitum að flokkstjóra

Sólarræsting óskar eftir að ráða flokkstjóra til starfa í 100% starf. Flokkstjóri fer með yfirumsjón ræstinga á staðnum og dagleg samskipti við verkkaupa. Sér um kennslu og þjálfun starfsfólks.

- Tungumálakunnátta: Íslenska (góð kunnátta nauðsynleg), enska
- Kunnátta í austur evrópsku máli er kostur (t.d. pólska)
- Reynsla af ræstingum kostur

Nánari upplýsingar gefur Daiva í síma 820-4062 milli 9-11 og 13-16 á virkum dögum.

Hægt er að fylla út umsókn á skrifstofu Sólar á sama tíma.



Sólaræsting ehf er þjónustufyrirtæki í sérflokki á sviði ræstinga. Við leggjum áherslu á umhverfsvæna og mannlega nálgun í okkar störfum. Hjá okkur starfa yfir 100 frábærir starfsmenn.

## SÖLUMÆÐUR HELGARSTARF

Leitum að kraftmiklum sölumanni í helgarstarf. Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á raf-tækjum og vera 18 ára eða eldri. Heiðarleiki, góð tölvukunnátta og rík þjónustulund skilyrði.

**Sjónvarpsmiðstöðin** er ein rótgrónasta raftækjaverslun landsins þar sem mikið er lagt upp úr góðri og persónulegri þjónustu.

Áhugasamir vinsamlega fyllið út umsóknareyðublað á [www.sm.is](http://www.sm.is)

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)



MOSFELLSBÆR

### Krikaskóli í Mosfellsbæ auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:

#### Leikskólakennari í 100% starf

Óskað er eftir leikskólakennara til starfa frá ágúst 2011.

#### Annað starfsfólk

